

ANNUAL REPORT 2007 ÁRSSKÝRSLA 2007





Annual Report 2007 / Ársskýrsla 2007

Icelandic bilateral development assistance from 1 January to 31 December 2007
Tvíhliða þróunarsamvinna Íslands 1. janúar til 31. desember 2007

Published by ICEIDA, P.O. Box 5330, IS-125 Reykjavík, Iceland
Útgefið af PSSÍ, P.O. Box 5330, 125 Reykjavík, Ísland

© Icelandic International Development Agency 2008
© Þróunarsamvinnustofnun Íslands 2008

Editor / Ritstjóri: Gunnar Salvarsson
Co-Editor / Aðstoðarritstjóri: Þórarinna Söebeck

Contributors / Eftirfarandi lögðu til efni:

Ágústa Gísladóttir
Árni Helgason
Ársæll Kristófer Ársælsson
Drífa Hrönn Kristjánsdóttir
Geir Oddsson
Gerður Gestsdóttir
Gioconda Guevara
Gísli Pálsson
Guðbrandur Þorkelsson
Guðmundur Valur Stafánsson
Gunnar Salvarsson
Gunnar Þórðarson
Hannes Hauksson
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
Jóhann Pálsson
Leslie Joseph
Lilja Dóra Kolbeinsdóttir
Margrét Einarsdóttir
Marta Einarsdóttir
Nishantha Wickremasooriya
Nína Helgadóttir, IRC
Sighvatur Björgvinsson
Skafti Jónsson
Stefán Jón Hafstein
Stefán Kristmannsson
Stella Samúelsdóttir
Þórarinna Söebeck
Þórdís Sigurðardóttir
Vilhjálmur Wium

Proofreading and translation / Prófarkarlestur og þýðing: Hildur Pétursdóttir & Oliver Kentish

Photos / Myndir: Gunnar Salvarsson & Geir Oddsson

Graphic design / Hönnun: Vatikanið ehf.

Printed by / Prentun: ?

ISSN 1670-7672

Contents

Efnisyfirlit

Foreword by the Minister for Foreign Affairs	4 5	Formáli utanríkisráðherra
Highlights from the Home Office	6 7	Yfirlit frá aðalskrifstofu
Malawi	15 15	Malaví
ICEIDA's Development Cooperation	19 19	Próunarsamvinna ÞSSÍ
Support to the Health Sector	19 19	Stuðningur við heilbrigðismál
Support to the Social Sector	20 21	Stuðningur við félagsmál
Support to the Fisheries Sector	23 23	Stuðningur við fiskimál
Namibia	25 25	Namibía
ICEIDA's Development Cooperation	26 27	Próunarsamvinna ÞSSÍ
Support to the Education Sector	29 29	Stuðningur við menntamál
Support to the Social Sector	29 29	Stuðningur við félagsmál
Support to the Fisheries Sector	32 32	Stuðningur við fiskimál
Mozambique	33 33	Mósambík
ICEIDA's Development Cooperation	37 37	Próunarsamvinna ÞSSÍ
Support to the Health Sector	37 37	Stuðningur við heilbrigðismál
Support to the Social Sector	37 37	Stuðningur við félagsmál
Support to the Fisheries Sector	38 39	Stuðningur við fiskimál
Support to the Transport Sector	42 42	Stuðningur við samgöngumál
Uganda	43 43	Úganda
ICEIDA's Development Cooperation	47 47	Próunarsamvinna ÞSSÍ
Support to the Social Sector	47 47	Stuðningur við félagsmál
Multisectoral Support	48 49	Stuðningur við byggðarþróun
Support to the Fisheries Sector	51 49	Stuðningur við fiskimál
Support to Private Sector Development	51 51	Stuðningur við þróun einkageirans
Support to NGOs	52 51	Stuðningur við frjáls félagsamtök
Sri Lanka	53 53	Srí Lanka
ICEIDA's Development Cooperation	54 55	Próunarsamvinna ÞSSÍ
Support to the Fisheries Sector	57 57	Stuðningur við fiskimál
Other Activities	60 60	Önnur starfsemi
Nicaragua	61 61	Níkaragva
ICEIDA's Development Cooperation	64 65	Próunarsamvinna ÞSSÍ
Support to the Energy Sector	64 65	Stuðningur við orkumál
Support to the Social Sector	67 67	Stuðningur við félagsmál
Support to the Fisheries Sector	68 69	Stuðningur við fiskimál
Financial Statement 2007	70 71	Fjármálaskýrsla 2007
ICEIDA Administration and Employees in 2007	78 79	Framkvæmdastjórn og starfsfólk ÞSSÍ árið 2007
Abbreviations	88 88	Skammstafanir
Address list	89 89	Heimilisföng



A New Era in Development Cooperation

by Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Minister for Foreign Affairs

The most recent UN Human Development Report confirms that Iceland has with remarkable speed been transformed from a developing country receiving foreign aid far into the twentieth century into a state providing its people with some of the world's best living conditions. The international community has observed this and has expectations for Iceland to share its experience and knowledge with other nations. We, as a nation, have the obligation to fulfil those expectations.

In the coalition agreement concluded by the new government in the spring of 2007, increased development cooperation is seen as a new cornerstone in Iceland's foreign policy, together with human rights and peaceful settlement of disputes. This agreement entails that Iceland's development cooperation is expected to yield substantial progress in eradicating poverty, improving living conditions and creating equality, freedom and prosperity. Furthermore, the policy has been established for Iceland to gradually seek a place amongst those nations that contribute most extensively to development cooperation.

In keeping with this new emphasis to regard international development cooperation as an integral part of Iceland's foreign policy, extensive work has been carried out within the ministry to form new framework legislation on Iceland's international work in regard to developing countries. In addition, Iceland has reached a new milestone by applying for membership of the Development Assistance Committee (DAC).

Iceland's emphasis in regard to development cooperation looks to the UN Millennium Development Goals and I believe that in the next few years we should place our main emphasis on education, health care, gender equality and sustainable development. The guiding light in all development cooperation undertaken by Iceland is, and should be, to enable developing countries to become self-sufficient in economic and welfare matters and no issue is more important in this respect than education and the dissemination of knowledge.

Iceland has much to offer, not least in Africa where the need for support to develop the welfare service, economic activities and human rights is most urgent.

It is evident that in Iceland, expertise in the exploitation of renewable energy resources could be very useful to poor nations, for example in Africa, many of which possess extensive natural resources but not the knowledge to exploit this wealth for the benefit of its people. The same holds true for small island states. These states are most vulnerable to climate change and rising sea levels and in this regard Iceland, in particular, has been called upon to provide cooperation, participation and contribution. Therefore, it is now under special consideration to launch a development project in cooperation with islands in the Caribbean and the Pacific, which would have the objective to promote sustainable development, particularly in the field of fishing and fisheries as well as the exploitation of geothermal power and other renewable resources.

Icelanders now, more than ever before, possess extensive knowledge, special training and experience in field work in the developing countries. This can be attributed not least to the personnel of the Icelandic International Development Agency (ICEIDA), many of whom have many years' experience of working in the developing countries, as ICEIDA's history now spans a quarter of a century. The annual report is evidence of their work, an overview of the operations over a period of one year, plus projects and cooperation with the six partner countries with whom Iceland has concluded bilateral agreements on development cooperation.

The time for Iceland to participate in major operations in matters of international development cooperation has arrived. New opportunities and new challenges await us in this important field.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR



Nýtt tímabil í þróunarsamvinnu

eftir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra

Í nýjustu skýrslu lífsskjaranefndar Sameinuðu þjóðanna er staðfest að Ísland hafi með undraverðum hraða breyst úr þróunarríki, sem naut erlendrar aðstoðar langt fram eftir 20. öldinni, í ríki sem nú veitir landsmönnum sínum einna bestu lífsskjör. Til þessa árangurs er horft í alþjóðasamfélaginu og þess vænst að Ísland deili reynslu sinni og þekkingu með öðrum þjóðum. Sú skylda hvílir á okkur sem þjóð að standa undir þeim væntingum.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, sem tók við völdum vorið 2007, er aukin þróunarsamvinna gerð að nýjum hornsteini íslenskrar utanríkisstefnu, ásamt mannréttindum og friðsamlegri úrlausn deilumála. Í því felst að alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands er ætlað að skila áþreifanlegum árangri til að uppræta fátækt, bæta lífsskilyrði og skapa jafnrétti, frelsi og hagsæld. Ennfremur hefur sú stefna verið mörkuð að Ísland færast jafnt og þétt nær því að vera meðal þeirra þjóða sem mestu veita til þróunarsamvinnu.

Í samræmi við þessa nýju áherslu á alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands sem órjúfanlegan þátt íslenskrar utanríkisstefnu hefur farið fram mikil vinna á vegum ráðuneytisins við að móta nýja rammalöggjöf um alþjóðlegt starf Íslands gagnvart þróunarríkjum. Þá hefur það tímamótaskref verið stigið að Ísland hefur sótt um aðild að Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (DAC).

Áherslur Íslands í þróunarsamvinnu taka mið af Púsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og ég tel að við eigum á næstu árum að leggja megináherslu á menntun, heilsugæslu, jafnrétti kynjanna og sjálfbæra þróun. Leiðarljós allrar þróunarsamvinnu Íslendinga er og á að vera að styðja þróunarlöndin til sjálfsbjargar í efnahags- og velferðarmálum og þar er ekkert verkefni mikilvægara en menntun og miðlun þekkingar. Íslendingar hafa þar margt að bjóða, ekki síst í Afríku þar sem þörfin er brýnust fyrir stuðning við uppbyggingu velferðarþjónustu, atvinnulífs og mannréttinda.

Ljóst er að sérþekking Íslendinga á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa getur nýst afar vel fátækum þjóðum, svo sem í Afríku, sem margar hverjar ráða yfir ríkulegum náttúruauðlindum en hafa

ekki búið yfir þekkingu til að nýta þann auð í þágu almennings. Sömu sögu er að segja af smáum eyþróunarríkjum. Þessi ríki búa við hvað mesta vá allra af loftslagsbreytingum og hækkun sjávarborðs og þar hefur verið kallað sérstaklega eftir samvinnu, þátttöku og framlagi Íslands. Því er nú verið að skoða sérstaklega að setja af stað þróunarverkefni í samvinnu við eyjar í Karíba- og Kyrrahafi sem hafi það að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun, einkum á sviði fiskveiða og sjávarútvegs og við nýtingu jarðvarma og annarra endurnýjanlegra auðlinda.

Íslendingar búa nú að ríkari þekkingu, sérmenntun og reynslu af störfum á vettvangi í þróunarríkjum en áður þekktist. Þetta á ekki síst við um starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar sem hafa margir hverjir áralanga reynslu af störfum í þróunarríkjum en saga ÞSSÍ spannar rúman aldarfjórðung. Ársskýrslan er vitnisburður um þennan mannaúð, yfirlit um starfsemina á einu ári, verkefni og samstarf við þær sex þjóðir sem Íslendingar hafa gert tvíhliða samninga við um þróunarsamvinnu.

Tími stóraðgerða í málefnum alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslendinga er kominn. Ný tækifæri og nýjar áskoranir kalla á okkur í þessum mikilvæga málaflökki.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Highlights from the Head Office

New Emphasis and Review of Iceland's International Development Cooperation

A new note was struck in Iceland's international development cooperation in 2007 when the government, which came into power in the middle of the year, included in its coalition agreement a clause to the effect that expanded development cooperation would be one of three new cornerstones of the country's foreign policy, together with human rights and emphasis on peaceful conflict resolution. This clause and work on policy-making, which was launched in the Ministry for Foreign Affairs in the summer, made it clear that Iceland's development cooperation stood at a crossroads. International development cooperation, long outside the government's main field of interest, had become a pillar of Iceland's foreign policy.

At the end of the year, a new bill was under preparation concerning Iceland's international development cooperation, an overall legislation in this policy area, stating the unaltered position of the Icelandic International Development Agency (ICEIDA) as an independent body under the auspices of the Ministry for Foreign Affairs.

For ICEIDA this is a major and positive change from earlier in the year when the position and future of the Agency was very uncertain. In March, the former Foreign Minister had presented to the Parliamentary Committee on Foreign Affairs her proposals on the arrangement of Iceland's development cooperation, which entailed moving the activities of the Agency into the Ministry for Foreign Affairs. The Minister also proposed that a special development cooperation department be established in the Ministry, overseeing both policy-making and implementation.

After the change of government in May and following work on policy-making conducted by a strategic policy adviser, which commenced on 1 July, regarding Iceland's development cooperation, it was evident that the new Foreign Minister, Ms. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, was not of the same opinion as her predecessor. Her position was, amongst other things, based on the importance of ICEIDA as a professional body and centre of knowledge on the implementation of bilateral development cooperation, as well as the concern that professional policy-making in this field would be weakened if the activities of the Agency were moved into the Ministry. Furthermore, various general operational and management tasks, entailed in bilateral cooperation, were considered incompatible with the role and working environment of ministries, which are, on the one hand, instrumental in policy-making and, on the other hand, a surveillance authority in regard to parties assigned the implementation of projects.

The Minister addressed Iceland's development cooperation in a speech she gave to the General Assembly of the United Nations in September and there she emphasised that the Icelandic government was prepared to assume its responsibilities. She reported that Iceland's contribution to development cooperation had been doubled over a period of four years and that the government aimed to be amongst those nations providing the most contributions. Therefore, it can be assumed that ICEIDA's budget for bilateral

development cooperation would be increased substantially over the coming years. Just under 40% of the government's contribution to development cooperation has been allotted to ICEIDA.

In 2007, ICEIDA's budget was over 1.1 billion ISK, a marginal increase from the previous year. In some of the partner countries the activities were increased, i.e. in Mozambique and Malawi, but decreased considerably in others, i.e. Namibia. In the remaining three countries, Uganda, Nicaragua and Sri Lanka, activities remained virtually unchanged. ICEIDA's activities in the six partner countries are related in detail in special sections in the annual report. It may also be pointed out that in the section on finances in the same report the division of contributions by country and fields is demonstrated graphically.

Change of Ministers

The second woman to hold the office of Minister for Foreign Affairs in Iceland assumed power on 24 May 2007, when Ms. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir took over from Ms. Valgerður Sverrisdóttir who was the first woman to hold that office.

High on the new Minister's list of priorities was the reorganisation of Iceland's development cooperation and policy-making in this area already commenced the following summer, as mentioned earlier. In her speech on foreign affairs at the Althingi, the Minister announced that it had been decided that Iceland would become a member of the OECD Development Assistance Committee (DAC). In her own words: "The guiding light of all development cooperation undertaken by Iceland is, and should be, to enable developing countries to become self-sufficient in economic and welfare matters, and no issue is more important in this respect than education and the dissemination of knowledge. Iceland has much to offer, not least in Africa where the need for support to develop the welfare service, economic activities and human rights is most urgent. It is a source of satisfaction that our support to the education sector through the Icelandic International Developing Agency has grown in recent years and presently more funds are allotted to training projects in the developing countries than any other area. This development is important and in my opinion shows the right order of priorities".

Main Tasks of the Desk Officers for Fisheries and Social Affairs at the Head Office

The Desk Officer for fisheries has operated at the Head Office since August 2006. Therefore, 2007 was his first complete working year at the Agency. He gives consultation to the Agency's staff in regard to project selection and preparation, implementation, evaluation and project control in the fisheries sector in the Agency's partner countries. A considerable number of fisheries projects were under preparation in 2007 and several projects implemented. An important part of the Desk Officer's job is to review Project Documents and give comments regarding content and presentation of projects. He, together with the Country Directors, oversees the recruiting of short-term consultants for the preparation, implementation and evaluation of projects.

The Desk Officer visited two countries in 2007, Sri Lanka in February and Uganda in June. The purpose of these visits was to provide internal control regarding the implementation of projects

Yfirlit frá aðalskrifstofu

Nýr tónn og endurskoðun alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands

Nýr tónn var sleginn í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands á árinu þegar ríkisstjórnin, sem tók við völdum á miðju ári, setti það ákvæði í stjórnarsáttmála að aukin þróunarsamvinna verði einn þriggja nýrra hornsteina íslenskrar utanríkisstefnu, ásamt mannréttindum og áherslu á friðsamlega úrlausn deilumála. Með ákvæði stjórnarsáttmálans og stefnumótunarvinnu, sem hófst í utanríkisráðuneytinu um sumarið, var ljóst að þróunarsamvinna Íslands stóð á tímamótum. Alþjóðlega þróunarsamvinnan, sem löngum áður var utan aðaláhugasviðs íslenskra stjórnvalda, var orðin ein meginstoð íslenskrar utanríkisstefnu.

Í árslok var í undirbúningi nýtt frumvarp til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, heildarlöggjöf um málaflökkinn þar sem gert var ráð fyrir óbreyttri stöðu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands sem sjálfstæðri stofnun undir utanríkisráðuneyti.

Þetta var mikil og jákvæð breyting fyrir Þróunarsamvinnustofnun frá fyrri hluta ársins þegar mikil óvissa ríkti um stöðu og framtíð stofnunarinnar. Fyrirverandi utanríkisráðherra kynnti í marsmánuði tillögur sínar um fyrirkomulag þróunarsamvinnu Íslands fyrir utanríkismálanefnd þingsins þar sem lagt var til að starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar yrði færð inn í ráðuneytið. Ráðherrann lagði jafnframt til að sett yrði á stofn sérstakt þróunarsamvinnusvið í ráðuneytinu sem færi bæði með stefnumótun og framkvæmd.

Eftir ríkisstjórnarskipti í maímánuði og stefnumótunarvinnu stjórnsýsluráðgjafa varðandi þróunarsamvinnu Íslands, sem hófst 1. júlí, var ljóst að nýr utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, var annarrar skoðunar en fráfarandi ráðherra. Sú skoðun byggðist meðal annars á mikilvægi Þróunarsamvinnustofnunar sem fagstofnunar og þekkingarmiðstöðvar um framkvæmd tvíhliða þróunarsamvinnu en einnig var talin hætta á því að fagleg stefnumörkun í málaflökknum myndi veikjast ef stofnunin yrði færð yfir í ráðuneytið. Ýmis almenn rekstrar- og stjórnunarverkefni sem fylgja framkvæmd tvíhliða samvinnu voru ennfremur talin samræmast illa hlutverki og vinnuumhverfi ráðuneyta sem eru annars vegar stefnumarkandi og hins vegar eftirlitsaðilar með þeim sem falin hefur verið framkvæmd verkefna.

Ingibjörg Sólrún gerði þróunarsamvinnu Íslands að umtalsefni í ræðu á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september og lagði áherslu á að íslensk stjórnvöld væru reiðubúin að axla ábyrgð sína. Ráðherrann sagði að framlög Íslands til þróunarsamvinnu hefðu tvöfaldast á fjórum árum og að íslensk stjórnvöld stefndu að því að vera meðal þeirra ríkja sem legðu mest fram. Því má reikna með að framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vegna tvíhliða þróunarsamvinnu aukist verulega á komandi árum. Tæplega 40% af opinberum framlögum Íslands til þróunarsamvinnu hafa farið til Þróunarsamvinnustofnunar.

Á árinu 2007 nam rekstur Þróunarsamvinnustofnunar rúmlega 1,1 milljarði íslenskra króna sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári. Í sumum samstarfslandanna varð starfsemin umfangsmeiri, þ.e. í Mósambík og Malaví, en í öðrum varð talsverður samdráttur eins

og í Namibíu. Í hinum löndunum þremur, Úganda, Níkaragva og Srí Lanka, var reksturinn því sem næst óbreyttur milli ára. Nánar og ítarlega er fjallað um starfsemi ÞSSÍ í samstarfslöndunum sex í sérköflum í ársskýrslunni. Einnig er vert benda á sérkafla um fjármál í ársskýrslunni þar sem greint er með grafískum hætti frá skiptingu framlaga eftir löndum og sviðum.

Ráðherraskipti

Önnur konan til að gegna embætti utanríkisráðherra Íslands tók við lykjavöldunum í utanríkisráðuneytinu 24. maí 2007 en þá tók Ingibjörg Sólrún Gísladóttir við embættinu af Valgerði Sverrisdóttur sem hafði fyrst kvenna gegnt starfi utanríkisráðherra.

Endurskipulagning þróunarsamvinnu Íslendinga var ofarlega á forgangslista nýja ráðherrans og stefnumótunarvinnu í málaflökknum hófst strax um sumarið, eins og fyrr er nefnt. Í ræðu á Alþingi um utanríkismál í október tilkynnti Ingibjörg Sólrún að ákveðið hafi verið að Ísland muni gerast aðili að DAC, þróunarsamvinnunefnd OECD. “Leiðarljós allrar þróunarsamvinnu Íslendinga er og á að vera að styðja þróunarlöndin til sjálfsbjargar í efnahags- og velferðarmálum og þar er ekkert verkefni mikilvægara en menntun og miðlun þekkingar. Íslendingar hafa þar margt að bjóða ekki síst í Afríku þar sem þörfin er brýnust fyrir stuðning við uppbyggingu velferðarþjónustu, atvinnulífs og mannréttinda. Það er sérstakt gleðiefni að stuðningur okkar við menntamál á vettvangi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hefur farið vaxandi á liðnum árum og rennur nú meira fjármagn til fræðsluverkefna í þróunarlöndunum en nokkurra annarra málaflökka. Þetta er mikilvæg þróun og ég tel að í henni felist rétt forgangsroðun,” sagði ráðherrann.

Helstu mál verkefnastjóra á aðalskrifstofu í fiskimálum og félagslegum málum

Verkefnastjóri fiskimála hefur verið starfandi á aðalskrifstofu síðan í ágústmánuði 2006. Árið 2007 var því fyrsta heila starfsár verkefnastjórans. Verkefnastjóri fiskimála veitir starfsfólki stofnunarinnar ráðgjöf varðandi verkefnaval og undirbúning, framkvæmd, úttekt og eftirlit með verkefnum á sviði fiskimála í samstarfslöndum stofnunarinnar. Umtalsverður fjöldi verkefna í fiskimálum var í undirbúningi á árinu og nokkur verkefni komu til framkvæmdar. Mikilvægur hluti starfs verkefnastjóra felst í því að rýna verkefnaskjöl og koma með athugasemdir við innihald og framsetningu verkefna. Verkefnastjóri sér um ráðningu skammtímaráðgjafa bæði til aðstoðar við undirbúning, framkvæmd og úttekt verkefna, ásamt umdæmisskrifstofum.

Verkefnastjóri heimsótti tvö lönd á árinu, Srí Lanka í febrúar og Úganda í júní. Heimsóknirnar voru í þeim tilgangi að veita innra aðhald varðandi framkvæmd verkefna og að aðstoða við verkefnaval og undirbúning verkefna á vettvangi. Í Úganda tók verkefnastjóri m.a. þátt í vinnufundi hagsmunaaðila um gæðamál í fiskveiðum og vinnslu, til undirbúnings verkefnis á því sviði. Á Srí Lanka tók verkefnastjóri þátt í undirbúningi nokkurra verkefna, m.a. skrifum verkefnaskjala. Verkefnastjóri fiskimála sótti nokkra fundi og ráðstefnur á árinu, bæði innanlands og erlendis. Meðal annars sótti hann fund Fiskinefndar Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna í Róm og stjórnarfund PROFISH-verkefnis



and to give support in the selection of projects and the preparation of projects in the field. In Uganda, he participated, for example, in a workshop for interested parties on quality issues in fishing and fish processing, as part of the preparation of a project in that area. In Sri Lanka, he participated in the preparation of several projects, such as the preparation of Project Documents. The Desk Officer for fisheries attended a few meetings and conferences during the year, both at home and abroad. These include the meeting of the FAO Committee of Fisheries in Rome and a meeting of the Board of the World Bank PROFISH project in Washington, attended at the request of the Ministry for Foreign Affairs.

The Desk Officer for fisheries was in charge of a working group established by the Foreign Minister on development cooperation, peace issues and humanity issues. The conclusion of the working group was presented in the form of a new harmonised plan of action for Iceland in regard to development cooperation. In addition, both the Desk Officer for fisheries and the Desk Officer for social affairs participated in the revision of work processes for the preparation, implementation, control and evaluation of the Agency's projects. A draft of revised work processes was introduced at the Country Directors' meeting and at a general open meeting for the staff of the Foreign Ministry.

In June, a Desk Officer for social affairs was recruited. Her main role is to provide consultancy to the Agency and its staff in regard to development cooperation issues in the social sector, both as regards the preparation and selection of projects. This includes projects and development aid in the education, health and social sectors. In addition, the Desk Officer participates, for example, in the preparation of a plan of action for Iceland with a view to the new emphasis in the country's foreign policy.

Conference on Investment Opportunities in the Developing Countries

Many representatives from the Icelandic business milieu attended a conference hosted by ICEIDA called "Investment Opportunities in the Developing Countries", held in collaboration with the Ministry for Foreign Affairs, the Trade Council of Iceland and the Fisheries Association of Iceland on Thursday 24 May. At the conference, ten talks were given on communications between public bodies and private companies in the developing countries as, in the opinion of many; the key to increased economic growth in these countries is largely dependent on the development of the economy and increased investments. Although a handful of Icelandic companies have settled in developing countries, it is virtually unknown that Icelanders seek to invest in these countries. The conference was, therefore, organised to create a venue for those experienced in business in the developing countries and representatives of Icelandic businesses who may wish to seek investment opportunities there.

Many of the speakers pointed out cultural differences and the traps inherent in dissimilar cultures. One of these was Mr. Kristján Erlingsson, managing director of Icemark-Africa in Uganda. "If I have learned anything from my years in Africa it is that business is no less dependent on cultural values than actual figures. It took me a long time to learn that my experience from Iceland, mostly from the fishing industry, was more of an obstacle than an asset. That which I considered natural at home was no longer useful,"

Alþjóðabankans í Washington að beiðni utanríkisráðuneytisins. Verkefnastjóri fiskimála stýrði starfi vinnuhóps utanríkisráðherra um þróunarsamvinnu-, friðar- og mannúðarmál. Niðurstaða vinnuhópsins er ný samhæfð aðgerðaráætlun Íslands í þróunarsamvinnu. Auk þess unnu verkefnastjórar fiskimála og félagslegra mála að endurskoðun verkferla við undirbúning, framkvæmd, eftirlit og úttekt verkefna stofnunarinnar. Drög að endurskoðuðum verkferlum voru kynnt á umdæmisstjórafundi og fyrir starfsmönnum utanríkisþjónustunnar á opnum fundi.

Í júní var ráðinn til stofnunarinnar verkefnastjóri félagslegra verkefna. Meginhlutverk verkefnastjórans er að veita stofnuninni og starfslíði hennar ráðgjöf í málefnum sem tengjast þróunaraðstoð í félagsmálageiranum, bæði hvað varðar undirbúning verkefna og verkefnaval. Hér er um að ræða verkefni og þróunaraðstoð á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála. Auk ráðgjafastarfa tók verkefnastjóri m.a. þátt í að vinna að aðgerðaráætlun Íslands í þróunarsamvinnu sem tekur mið af hinum nýju áherslum í utanríkisstefnu landsins.

Ráðstefna um fjárfestingatækifæri í þróunarlöndum

Fjölmargin fulltrúar úr íslensku viðskiptalífi sóttu ráðstefnu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands um "Fjárfestingatækifæri í þróunarlöndum" sem haldin var í samvinnu við utanríkisráðuneytið, Útflutningsráð og Fiskifélag Íslands fimmtudaginn 24. maí. Á ráðstefnunni voru flutt títu erindi um samskipti opinberra stofnana og einkafyrirtækja í þróunarríkjum en þróun atvinnulífs og auknar fjárfestingar eru að margra mati lykillinn að auknum hagvexti þeirra. Þess eru nokkur dæmi að íslensk fyrirtæki hafi skotið rötum í þróunarlöndum en hins vegar er nánast óþekkt að Íslendingar hafi leitað þar fjárfestingatækifæra. Því þótti ástæða til að efna til ráðstefnu og leiða saman þá sem reynslu hafa af viðskiptum í þróunarlöndum og fulltrúa íslenska viðskiptalífsins sem hugsanlega leita tækifæra.

Margir fyrirlesarar bentu á menningarmuninn og þær gildir sem felast í ólíkri menningu. Einn þeirra var Kristján Erlingsson framkvæmdastjóri Icemark-Africa í Úganda. „Ef það er eitthvað sem ég hef lært á árum mínum í Afríku þá er það að viðskipti snúast ekki síður um gildismat en tölur. Það tók mig verulega langan tíma að átta mig á því að reynsla mín frá Íslandi, sem aðallega er fengin úr sjávarútveginum, var oftast til trafala heldur en hitt. Hlutir sem maður telur sjálfsagða í heimalandinu eru ekki lengur sjálfsagðir“, sagði hann og fleiri tóku í sama streng, t.d. Þorgeir Pálsson framkvæmdastjóri Thorp ehf. „Menningargildir eru alls staðar, hvort heldur er í þróuðum eða vanþróuðum ríkjum. Þær eru afleiðing ólíkra viðhorfa, ólíkra sjónarmiða en líka ónógrar heimavinnu þeirra sem sækja út.“

Starfsnemar

Þróunarsamvinnustofnun hefur frá árinu 2004 ráðið til sín starfsnema til starfa í samstarfslöndum stofnunarinnar. Um er að ræða fimm mánaða tímabil þar sem háskólanemar fá tækifæri til að kynna starfsemi stofnunarinnar og samstarfslöndum hennar. Markmiðið er að gefa nenum tækifæri til að kynna starfsemi þróunarsamvinnu á vettvangi og gefa þeim innsýn í ólíkar hliðar

he said and many agreed, such as Mr. Þorgeir Pálsson, managing director of Thorp ehf. “Cultural traps are everywhere, whether in the developed states or the developing countries. They spring from different attitudes, points of view as well as insufficient homework by those seeking opportunities abroad.”

Interns

Since 2004, ICEIDA has hired interns to work abroad in the Agency’s partner countries. For a period of five months, university students are given the opportunity to become acquainted with the operations of the Agency and its partner countries. The aim is to give the students a chance to learn about such operations in the field and gain an insight into the various sides of the activities. The students learn about data collection, preparation and implementation of projects, as well as project control and thus they acquire practical knowledge and training in regard to field operations.

As in previous years, interest in internship was considerable with around 200 applications being submitted in 2007. On offer were five posts, one in each partner country, save for Sri Lanka. The interns selected this year were: Ms. Inga Dóra Pétursdóttir (Malawi), Ms. Harpa Hauksdóttir (Mozambique), Ms. Arndís Ósk Ólafsdóttir (Namibia), Ms. Sigríður Baldursdóttir (Uganda) and Ms. Erla Sigurlaug Sigurðardóttir (Nicaragua). All worked on diverse projects under the guidance of ICEIDA country directors and project managers in the partner countries. Subsequently, Inga Dóra was hired for a period of six months as a specialist at the Agency’s office in Lilongwe in Malawi.

Scholarships

As in previous years, ICEIDA advertised in the spring for applicants for two scholarships offered to students at the doctorate level and two scholarships for students at the master’s level, in cooperation with the Research Liaison Office of the University of Iceland. In addition, ICEIDA supported four students of the United Nations University Fisheries Training Programme, UNU-FTP, much the same way as in previous years.

The conclusion of the evaluation committee of the Research Liaison Office of the applications for scholarships was to give one grant to a student at a doctorate level, Ms. María J. Gunnarsdóttir, and three to students at the masters level, Mr. Baldur Steinar Helgason, Ms. Ólöf Ýr Atladóttir and Ms. Harpa Hauksdóttir. The ICEIDA Board approved these proposals at the beginning of June.

Two students from Uganda and two from Sri Lanka studying at the United Nations University Fisheries Training Programme, UNU-FTP, also received grants. These were, from Uganda, Ms. Lillian Chebet from the Fisheries Training Institute, Jinja, and Ms. Julet Kigongo Nattabi, Makerere University, Kampala, and, from Sri Lanka, Ms. Munugoda Hewage Soma Ariyaratne, NARA, and Dr. Sujeewa Sisira Kumara Haputhantri, NARA.

Meeting of Country Directors

The annual meeting of the Country Directors was held in Kampala, Uganda, on 25-26 October. On the agenda were various subjects for discussion, such as planning issues, procedures and processes,

finance and accountancy, filing, publication, employment issues, security matters and cooperation with NGOs. Dr. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, strategic policy adviser, was invited as a special guest to the meeting and gave a talk on the new policy-making in regard to the organisation of Iceland’s development cooperation.

The ARGeo Project and a Meeting in Iceland

The ARGeo is a cooperation project under preparation for the exploitation of geothermal power in six countries in Northeast Africa, including Kenya, Uganda, Djibouti, Ethiopia, Eritrea and Tanzania. Besides these six countries, the preparatory group includes representatives of the World Bank, the United Nations Environment Programme (UNEP), as well as representatives of development aid supporters in Germany, Italy, France and Iceland (ICEIDA).

Preparations, in which ICEIDA is involved, have now lasted for over two years and the representatives of various other development aid supporters have declared their interest in participating, including representatives from the USA, the African Development Bank and several European states. The cooperation has inter alia the objective to decrease the need for wood as fuel in the African participating countries, thereby reducing the fast increasing deforestation, by supporting the exploitation of geothermal power, as all these six countries lie across active fault lines, the East African rift valley, where considerable exploitable geothermal power has been discovered, not least due to research carried out by Icelandic geoscientists.

The ARGeo project is in the first place aimed at carrying out further basic research on geothermal power in this area, secondly to enhance cooperation between the countries on research and knowledge dissemination, thirdly to facilitate the participation of foreign investors in the exploitation of geothermal power, and in the fourth place to establish a kind of reciprocal risk guarantee fund for the experimental drilling, where guarantee would be given for the refunding of a certain percentage of the drilling cost in areas, deemed on grounds of research to be the most likely areas for such exploitation, if the results turn out to be below expectations.

ICEIDA’s participation in the ARGeo project is through geothermal power projects prepared in cooperation with the Ugandan authorities which later became part of the cooperation project. ICEIDA has, in addition, supported the progress of the ARGeo project itself, both through financial support and work carried out by Icelandic geoscientists who were funded by the Agency. In the autumn of 2007, a preparatory meeting for the project was held in Iceland, hosted by ICEIDA in preparation of the project’s steering group meeting held in Nairobi, Kenya, in December 2007.

Nordic Plus

ICEIDA has for a number of years participated in the activities of the Nordic Plus Group, which is a consultative group of development agencies and ministries of all the Nordic countries, plus Britain, Ireland and the Netherlands. The consultative meeting of Nordic Plus Directors General was held in Iceland 7-9 June. At the meeting, the value of cooperation of the Nordic Plus countries in the international forum was discussed, as well as the results of development cooperation, possible new areas of cooperation

starfsins. Nemarnir fá að kynnast gagnaöflun, undirbúningi og framkvæmd verkefna, ásamt eftirliti með þeim og fá með þeim hætti hagnýta leiðsögn og þjálfun hvað varðar starf á vettvangi.

Eins og árin á undan sýndu fjölmargir starfsnámi stofnunarinnar áhuga og bærust um 200 umsóknir árið 2007. Auglýstar voru fimm stöður, ein í hverju samstarfslandi fyrir utan Srí Lanka. Nemarnir sem valdir voru í stöðurnar þetta árið voru Inga Dóra Pétursdóttir sem fór til Malaví, Harpa Hauksdóttir til Mósambík, Arndís Ósk Ólafsdóttir til Namibíu, Sigríður Baldursdóttir til Úganda og Erla Sigurlaug Sigurðardóttir til Níkaragva. Allar unnu þær að fjölbreyttum verkefnum undir leiðsögn umdæmisstjóra og verkefnastjóra PSSÍ í samstarfslöndunum. Inga Dóra var í kjölfarið ráðin til sex mánaða sem sérfræðingur á skrifstofu stofnunarinnar í Lilongwe, Malaví.

Styrkir

Líkt og undanfarin ár auglýsti Þróunarsamvinnustofnun að vorlagi eftir umsóknum um tvo styrki til doktorsnáms og tvo styrki til meistaranáms í samvinnu við Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands. Ennfremur styrkti Þróunarsamvinnustofnun fjóra nemendur í Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna með svipuðum hætti og fyrri ár.

Niðurstaða matsnefndar Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands á umsóknum um styrki til meistara- og doktorsnáms var á þá leið að lagt var til að einn styrkur yrði veittur til doktorsnáms, til Maríu J. Gunnarsdóttur, en þrír styrkir til meistaranáms, til Baldurs Steins Helgasonar, Ólafar Ýrar Atladóttur og Hörpu Hauksdóttur. Stjórn PSSÍ samþykkti tillögurnar í byrjun júní.

Tveir nemendur frá Úganda og tveir frá Srí Lanka voru styrkþegar í Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, Þær Lillian Chebet frá Fisheries Training Institute, Jinja og Julet Kigongo Nattabi, Makerere University, Kampala frá Úganda og frá Srí Lanka þau Munugoda Hewage Soma Ariyaratne, NARA og Dr Sujeewa Sisira Kumara Haputhantri, NARA.

Umdæmisstjórafundur

Árlegur umdæmisstjórafundur var að þessu sinni haldinn í Kampala í Úganda dagana 25.-26. október. Margvísleg mál voru á dagskrá fundarins, þar á meðal skipulagsmál, vinnuferlar og verklag, fjármál og bókhald, skalavistun, útgáfustarf, starfsmannamál, öryggismál og samstarf við frjáls félagasamtök. Dr Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, stjórnsýslufræðingur, var sérstakur gestur fundarins og hafði hún framsögu um nýja stefnumótun um skipulag þróunarsamvinnu Íslands.

ARGeo-verkefni og fundur á Íslandi

ARGeo er samstarfverkefni í undirbúningi um nýtingu jarðhita í sex löndum í Norðaustur-Afríku, þ.e. í Keníu, Úganda, Djibúti, Eþíópíu, Erítreu og Tansaníu. Auk landanna sex eru í undirbúningshópnum fulltrúar Alþjóðabankans, Umhverfisstofnunar S.þ. (UNEP), auk veitenda þróunaraðstoðar frá Þýskalandi, Ítalíu, Frakklandi og Íslandi (PSSÍ). Undirbúningur með aðild PSSÍ hefur staðið í á þriðja ár og hafa

fulltrúar nokkurra annarra veitenda þróunaraðstoðar lýst áhuga sínum á að skoða þátttöku, þ.á m. fulltrúar frá Bandaríkjunum, Þróunarbanka Afríku og nokkrum Evrópulöndum. Samstarfið hefur m.a. það markmið að draga úr þörf fyrir eldivið í afrísku þátttökulöndunum og þar með úr hraðvaxandi skógaeyðingu en stuðla þess í stað að nýtingu jarðhita en öll löndin sex liggja á virku sprungusvæði, Austur-Afríku sigdalnum þar sem umtalsverður virkjanlegur jarðhiti hefur fundist, m.a. fyrir tilverknad rannsóknarstarfa íslenskra jarðvísindamanna.

ARGeo-verkefninu er í fyrsta lagi ætlað að stuðla að frekari grunnrannsóknnum á jarðhita á umræddu svæði, í öðru lagi að efla samstarf ríkjanna um rannsóknir og þekkingarmiðlun, í þriðja lagi að auðvelda aðkomu erlendra fjárfesta að nýtingu jarðhita og í fjórða lagi að koma á fót eins konar gagnvirkum ábyrgðarsjóði vegna tilraunaborana þar sem ábyrgð yrði veitt á endurgreiðslu á tilteknu hlutfalli borunarkostnaðar á svæðum sem rannsóknir hefðu úrskurðað líklegustu nytjasvæðin, ef árangur yrði ekki sem skyldi.

PSSÍ tengdist ARGeo-samstarfinu vegna jarðhitaverkefna sem stofnunin vann í samstafi við úgandísk yfirvöld sem síðan urðu hluti af samstarfsverkefninu. PSSÍ hefur auk þess stutt framgang ARGeo-verkefnisins sjálfs, bæði með fjárstuðningi og með vinnu íslenskra jarðvísindamanna á kostnað stofnunarinnar. Haustið 2007 var einn af undirbúningsfundum verkefnisins haldinn á Íslandi í boði PSSÍ og var sá fundur til undirbúnings stýrihópsfundar verkefnisins, sem haldinn var í Nairobi, Kenía, í desember 2007.

Nordic Plus

PSSÍ hefur um nokkurra ára skeið tekið þátt í starfi Nordic Plus hópsins sem er samráðshópur þróunarstofnana/þróunarráðuneyta allra Norðurlandanna, Bretlands, Írlands og Hollands. Samráðsfundur framkvæmdastjóra Nordic plus var haldinn á Íslandi dagana 7.-9. júní. Á fundinum var meðal annars rætt um gildi samstarfs Nordic Plus landanna á alþjóðavettvangi, árangur þróunarsamvinnu, möguleg ný svið samstarfsins og sameiginlega framkvæmdaáætlun. Úttekt (baseline survey) á framkvæmd Parísaryfirlýsingarinnar var einnig til umfjöllunar. Loks gafst gestum tækifæri á að kynnast lítillaga íslenskri sögu, menningu og náttúru.

Húsnæðismál

Um mitt ár var farið að huga að viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi aðalskrifstofu en þá var orðið ljóst að húsnæðið á 2. hæð í Þverholti 14 var orðið of lítið. Leitað var því eftir því að leigja viðbótarhúsnæði á 3. hæð hússins fyrir hluta starfseminnar og hófst vinna við endurbætur á nýja húsnæðinu fyrir áramót þar sem gert var ráð fyrir rúmgóðum fundarsal og góðri vinnuástöðu fyrir fimm starfsmenn. Ákveðið var að fjármáladeild og útgáfu- og kynningardeild flytti í nýja húsnæðið.

Nýir starfsmenn á aðalskrifstofu

Um mitt ár var ákveðið að sameina útgáfu- og fræðsludeild og starf almannatengslafulltrúa í eina deild: útgáfu- og kynningardeild. Gunnar Salvarsson almannatengslafulltrúi stýrir nýju deildinni



San strákar í norðurhluta Namibíu
San boys from northern Namibia.

Ljósmynd/Photo: Gunnar Salvarsson

and common implementation plans. A baseline survey on the implementation of the Paris Declaration was also considered. Finally, the guests had some opportunity to learn about Icelandic history, culture and nature.

Housing

In the middle of the year, additional housing for the operations of the Head Office was acquired as it had become evident that the current premises on the first floor at Thverholt 14 were insufficient. Additional housing on the second floor was rented for part of the operations and renovation started at the end of the year, adding a sizeable meeting room and good facilities for five members of staff. The new premises now hold the financial department and the publications and public relations department.

New Members of Staff at the Head Office

Around the middle of the year the publications and information department and the tasks of the PR officer were united into one department, the publications and PR department. Mr. Gunnar Salvarsson, PR officer, heads the new department and a new member of staff was hired in October when Ms. Þórarinna Söebeck became a publishing and PR officer in November.

In December, Ms. Þorgerður Gunnarsdóttir took up the position of accountant.

Documentary on Malawi

The Board of ICEIDA agreed late in 2006 to a proposal on the making of a documentary for television related to the Agency's operations in Malawi. An agreement was concluded with the Icelandic National Broadcasting Service, RUV, on the rights, and the project was given to two members of staff, Mr. Héðinn Halldórsson, news reporter, and Mr. Vilhjálmur Þór Guðmundsson, film maker. The theme is the story of a Malawian family in a village by Lake Malawi, having learned various positive ways to change their lives on account of the activities of ICEIDA in the area, e.g. in the field of education, health care and fisheries. The film *The Early Bird Catches the Worm* was shot in April in Malawi. It was previewed for the Minister for Foreign Affairs and representatives of RUV, the Foreign Ministry and ICEIDA on 1 October, and within a month aired on national television. The film was reproduced and distributed to schools and libraries for promotion.

ICEIDA Board Meeting No 300

On 7 December, the Board of ICEIDA reached the milestone of holding its 300th meeting, receiving on this occasion greetings from the Foreign Minister. The Board is composed of six members elected by the Althingi for a term of four years, plus a Chairman and Vice Chairman appointed by the Foreign Minister. The term of office of the current Board is from 25 May 2005 until 25 May 2009.

General representatives are Mr. Sigurður Helgason, Chairman and Mr. Skúli Helgason, Vice Chairman, Ms. Bryndís Friðgeirsdóttir, Regional Manager, Rev. Hjálmar Jónsson, from Reykjavík Cathedral, Mr. Jón Skaptason, Certified Translator, Ms. Katrín Ásgrímsdóttir, Horticulture Manager, Mr. Haukur Már Haraldsson, Teacher, and Mr. Sigfús Ólafsson, Business Administrator. Observer on behalf of the Ministry for Foreign Affairs is Mr. Þórður Bjarni Guðjónsson.

en auglýst var eftir öðrum starfsmanni í október. Gengið var frá ráðningu Þórarinnu Söebeck í lok nóvember í starf útgáfu- og kynningarfulltrúa. Í desember tók Þorgerður Gunnarsdóttir við starfi bókara.

Heimildamynd frá Malaví

Stjórn Þróunarsamvinnustofnunar samþykkti seint á árinu 2006 tillögu um gerð heimildamyndar fyrir sjónvarp sem tengdist starfsemi í Malaví. Samið var við Ríkisútvarpið ehf. um sýningarrétt og verkið falið tveimur starfsmönnum RÚV, Héðni Halldórssyni fréttamanni og Vilhjálmi Þór Guðmundssyni kvikmyndagerðarmanni. Ákveðið var að draga upp mynd af sögu malavískrar fjölskyldu í þorpi við Malavívatn sem hefði með ýmsum jákvæðum hætti fundið breytingar í lífi sínu vegna verkefna Þróunarsamvinnustofnunar í byggðalaginu, m.a. á sviði menntunar, heilsugæslu og fiskveiða. Myndin hlaut nafnið „Þeir fiska sem róa“ (*The Early Bird Catches the Worm*) og var tekin upp í aprílmánuði í Malaví. Hún var forsýnd að viðstöddum utanríkisráðherra og fulltrúum RÚV, utanríkisráðuneytis og ÞSSÍ 1. október og tæpum mánuði síðar frumsýnd í Sjónvarpinu. Myndin var fjölfölduð og dreift til skóla og bókasafna í kynningarskyni.

300. fundur stjórnar Þróunarsamvinnustofnunar

Þau tímamót urðu 7. desember að haldinn var 300. fundur stjórnar Þróunarsamvinnustofnunar og bærust kveðjur frá utanríkisráðherra inn á fundinn í tilefni dagsins. Stjórn ÞSSÍ skipa sex fulltrúar kjörnir af Alþingi til fjögurra ára, auk formanns og varaformanns sem skipaðir eru af utanríkisráðherra. Kjörtímabil núverandi stjórnar er frá 25. maí 2005 til 25. maí 2009.

Aðalfulltrúar eru Sigurður Helgason, formaður og Skúli Helgason, varaformaður, Bryndís Friðgeirsdóttir, svæðisstjóri, Hjálmar Jónsson, dómkirkjuprestur, Jón Skaptason, lögg. skjalaþýðandi, Katrín Ásgrímsdóttir, garðyrkjubóndi, Haukur Már Haraldsson, kennari og Sigfús Ólafsson, viðskiptafræðingur. Áheyrnarfulltrúi utanríkisráðuneytis er Þórður Bjarni Guðjónsson.

Heimsóknir

Heimsóknir frá Srí Lanka

Á vegum ÞSSÍ heimsóttu þær Tharangika Suvinie Dahanayake og K.S. Hettiraachchi Ísland í nóvember. Báðar eru þær tæknimenn hjá Hafrannsóknarstofnun Srí Lanka (Nara, National Aquatic Resources Research and Development Agency) og sóttu tveggja vikna langt námskeið hjá MATÍS um gæðastjórnun í fiskvinnslu.

Heimsókn frá Níkaragva

Gioconda Guevara, sérfræðingur ÞSSÍ í jarðhitamálum í Níkaragva, heimsótti Ísland á vegum stofnunarinnar í júní/júlí. Hún sótti námskeið hjá Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna.

Visits

Visits from Sri Lanka

ICEIDA supported a visit to Iceland in November by Ms. Tharangika Suvinie Dahanayake and Ms. K.S. Hettiraachchi. They are both technicians at NARA (National Aquatic Resources Research and Development Agency) and attended a two-week training programme at MATIS on quality management in fisheries.

A Visit from Nicaragua

Ms. Gioconda Guevara, ICEIDA's expert in geothermal issues in Nicaragua, visited Iceland in June/July. She attended a course at the United Nations University's Geothermal Training Programme, UNU-GTP.

Visits from Malawi

ICEIDA invited medical doctors Mr. Maurizio Murru and Mr. Winstone Mkandawire to Iceland in May/June to present their draft evaluation report on ICEIDA's project: "Support to the Monkey Bay Community Hospital". This is an external evaluation of the project in accordance with a project agreement on this issue between ICEIDA and health authorities in Malawi. During their visit, they discussed their findings with the staff at the ICEIDA Head Office and gathered further information, after which they finalised their evaluation report.

Visits in Relation to the Conference "Investment Opportunities in Developing Countries", held in Reykjavík in May

ICEIDA invited Ms. Bernadette Artivor to Iceland as key speaker at the conference. Ms. Artivor is the Executive Director of the Namibia Investment Centre within the Ministry of Trade. Her speech expressed her views and experience as a resident of a developing country.

ICEIDA also invited Mr. Kristján Erlingsson from Uganda to attend the conference. He has lived in Uganda since 1997 and in his talk he related his experience as an investor in a developing country, where he has both established and operated a company.

Heimsóknir frá Malaví

Á vegum ÞSSÍ komu lækarnir Maurizio Murru og Winstone Mkandawire til Íslands í maí/júní í því skyni að kynna stofnuninni drög að niðurstöðu úttektar sinnar á heilsugæsluverkefni ÞSSÍ við Monkey Bay í Malaví „Support to the Monkey Bay Community Hospital“. Um var að ræða óháða úttekt utanaðkomandi aðila á verkefninu í samræmi við verkefnissamning þar um milli ÞSSÍ og heilbrigðisyfirvalda í Malaví. Í heimsókninni ræddu þeir niðurstöður sínar við starfsfólk á aðalskrifstofu ÞSSÍ, öfluðu sér frekari upplýsinga og luku svo í framhaldinu við gerð úttektarskýrslunnar.

Heimsóknir í tengslum við ráðstefnuna „Fjárfestingatækifæri í þróunarlöndum“ sem haldin var í Reykjavík í maí

ÞSSÍ bauð Bernadette Artivor til landsins sem aðalfyrirlesara ráðstefnunnar. Bernadette er framkvæmdastjóri fjárfestingamiðstöðvar Namibíu (Namibia Investment Center) sem er stofnun innan viðskiptaráðuneytisins. Í framsögu sinni sagði hún frá sjónarhorni sínu og reynslu sem íbúa þróunarlands.

ÞSSÍ bauð einnig Kristjáni Erlingssyni sem kom frá Úganda á ráðstefnuna. Kristján hefur búið í Úganda frá 1997 og fjallaði erindi hans um reynslu hans sem fjárfestis í þróunarlandi en hann hefur bæði stofnað og rekið fyrirtæki þar í landi.

MALAWI MALAVÍ



Introduction

Bingu wa Mutharika, the candidate of the then ruling United Democratic Front (UDF), was sworn in in 2004 after winning presidential elections. Less than a year later, he resigned from the UDF, accusing the party and his predecessor Bakili Muluzi of opposing his high-profile anti-corruption campaign. He formed a new party, the Democratic Progressive Party.

Donor countries had already warned in 2005, that a power struggle between the president and his predecessor was diverting the government's attention from pressing problems, including food shortages. The warning signs have proved well founded.

Mr. Mutharika had been hand-picked by the outgoing President Muluzi as the UDF candidate after parliament refused to accept an amendment to the constitution allowing Mr. Muluzi to stand

Agriculture is the mainstay of the economy, but is very vulnerable to weather shocks. Although it contributes 35% of the GDP, compared to 46% by services and 19% by industry, the sector accounts for more than 80% of Malawi's export earnings, and supports 85% of the population. Smallholders make up about three quarters of agricultural production and are mostly engaged in rain-fed maize production. Land distribution is unequal, with more than 40% of smallholder households cultivating less than 0.5 hectares. The country's export trade is dominated by tobacco, tea, cotton, coffee, and sugar.

Macroeconomic performance has generally improved in recent years. The Government that came into office in May 2004 has taken rapid steps to improve the fiscal situation and pursue sustainable macroeconomic policies. The administration has enforced strict fiscal discipline since 2004/05, and has already established an uninterrupted three-year track record of good macroeconomic management. Further, Malawi reached the HIPC Completion Point



Malawi - Key Figures

Land area	118,484 km ²
Population	13.9 million
Population growth rate	2.5%
GDP per capita PPP	844 US\$
GDP growth rate	5.7%
Life expectancy at birth	46.3 years
Adult literacy rate (age 15 and above)	64.1%
HIV/AIDS prevalence	14.1%
Icelda AID 2007	4,594,143 US\$

Statistical Sources: Economist Intelligence Unit; Country Profile Malawi 2008 and Human Development Report 2007/08, Published by the United Nations Development Programme

for a third term. Perceived as a relative outsider, his nomination surprised many UDF members and led to several defections. Mutharika continues to run government with a minority in the legislature.

Malawi has a relatively small economy. Its Gross Domestic Product is US\$2 billion per year. With a population that is currently estimated at more than 30 million people and growing at an average rate of 2% per annum, the average income per capita is around US\$160. Income inequality is also relatively high with a Gini coefficient of 0.38. The poverty headcount was measured at 54% in 2004/05 household survey, and has hardly changed since the previous household survey was undertaken in 1997/98. Social indicators are also weak. The maternal mortality ratio is currently at 984 per 100,000 live births and is one of the highest in the world. Adult literacy for males is 75% while that of females is only 54%. A third of the population still lacks access to safe water.

in August 2006 and subsequently qualified for the Multilateral Debt Relief Initiative (MDRI).

Improved macroeconomic management and other factors have translated into improved macroeconomic indicators. Buoyed by a bumper harvest in 2006, year-on-year inflation reached 9.2% in January 2007, the first time it has hit a single digit in four years. As of June 2007, inflation stood at 7.7%.

Despite a severe drought in 2005, the economy has on average grown by about 5.2% during the period 2004-2006, which is above the historical average of 3% for the period 1996-2005. As a result of reaching the HIPC completion point, Malawi's debt-to-exports ratio fell from 229%. The challenge for Malawi is to ensure that these macroeconomic gains translate into improved social indicators.

Inngangur

Bingu wa Mutharika, frambjóðandi Sameinaða lýðræðisflokksins (United Democratic Front, UDF) sem var þá við völd, sór embættiseið árið 2004 eftir sigur í forsetakosningunum. Innan við ári síðar sagði hann sig úr floknum með þeim orðum að flokkurinn og fyrirrennari hans í starfi, Makili Muluzi, ynnu gegn herferð hans gegn spillingu. Hann stofnaði nýjan flokk, Lýðræðislega framfaraflokkinn (Democratic Progressive Party).

Framlagslönd höfðu þegar árið 2005 varað við því að valdabarátta milli forsetans og fyrirrennara hans myndi draga athygli ríkisstjórnarinnar frá áriðandi málefnum, þ.m.t. matvæðaskorti. Ljóst er að góð rök lágu að baki þessari viðvörðun.

Muluzi forseti hafði sjálfur valið Mutharika sem frambjóðanda Sameinaða lýðræðisflokksins eftir að þingið hafði hafnað að

Landbúnaður er meginuppistaða hagkerfisins en hann er sérlega viðkvæmur fyrir öfgum í veðri. Þótt 35% vergrar landsframleiðslu komi frá landbúnaði, borið saman við 46% frá þjónustugeiranum og 19% frá iðnaði, koma yfir 80% af útflutningstekjum Malaví frá þeim geira og landbúnaður framfleytir 85% þjóðarinnar. Smábændur leggja til þrjá fjórðu af landbúnaðarframleiðslunni og rækta einkum maís með regnvatni. Skipting lands er ójöfn og yfir 40% smábænda hafa minna en 0,5 hektara lands til eigin ræktunar. Útflutningsgreinar landsins eru einkum tóbak, te, baðmull, kaffi og sykur.

Almennt hefur hagur þjóðarbúsins batnað á undanförunum árum. Sú ríkisstjórn, sem tók við völdum í maí 2004, hefur brugðist skjótt við til að bæta efnahagsmálin og vinna að sjálfbærum þjóðhagslegum stefnumálum. Stjórnvöld hafa fylgt agaðri efnahagsstefnu frá 2004/2005 og hafa nú náð góðri hagstjórn þrjú ár í röð. Frá ágúst 2006 hefur Malaví ekki lengur þurft að njóta aðstoðar á vegum HIPC-átaksins, sem varðar sérstakar aðgerðir til aðstoðar skuldugustu

Malaví – Helstu lykiltölur

Flatarmál	118.484 km ²
Mannfjöldi	13,9 milljónir
Fólksfjölgun	2,5%
VLF á mann, jafnvirðisgildi (PPP)	844 USD
Hagvaxtarprósenta (VLF)	5,7%
Lífslíkur við fæðingu	46,3 ár
Læsi (15 ára og eldri)	64,1%
Tíðni HIV/alæmis	14,1%
Framlag ÞSSÍ 2007	294.806.149 ÍSK

Heimildir: Economist Intelligence Unit; Country Profile Malawi 2008 og Human Development Report 2007/08, útgefið af: the United Nations Development Programme



gera þá breytingu á stjórnarskránni að heimila Muluzi að gegna embættinu þriðja kjörtímabilið í röð. Þar sem Mutharika var ekki talinn til innsta hringis kom útnefning hans mörgum flokksmönnum á óvart og því létu allmargir af stuðningi við stjórnina. Mutharika stýrir ríkisstjórninni enn með minnihluta atkvæða á þingi á bak sig.

Efnahagskerfi Malaví er fremur lítið. Verg landsframleiðsla er 2 milljarðar Bandaríkjadala á ári. Áætlað er að í landinu búi nú um 30 milljón manns og er fólksfjölgun að jafnaði 2% á ári. Meðaltekjur á mann eru um 160 Bandaríkjadalar. Tekjuójöfnuður er einnig fremur mikill; Gini-stuðullinn er 0,38. Í heimiliskönnun 2004/2005 voru 54% einstaklinga talin til fátækra og það hafði breyst lítið frá fyrri heimiliskönnun sem fram fór 1997/98. Félagsvísar sýna veika stöðu. Mæðradauði er nú 984 á hverjar 100.000 lifandi fæðingar og er með því hæsta sem gerist í heiminum. Læsi meðal karla er 75% en aðeins 54% meðal kvenna. Þriðjungur þjóðarinnar hefur ekki aðgang að hreinu vatni.

þróunarríkjunum, og getur því nú fengið aðstoð á vegum MDRI-átaksins sem varðar aðgerðir til fjölþjóðlegrar skuldaeftirgjafar.

Bætt stjórnun efnahagsmála og aðrir þættir hafa leitt til þess að þjóðhagsvísar sýna nú bættu stöðu. Í kjölfar metuppskeru 2006 féll 12 mánaða verðbólgan í 9,2% í janúar 2007 en það var í fyrsta sinn í fjögur ár sem verðbólgan fór undir 10%. Frá júní 2007 hefur verðbólgan verið 7,7%.

Þrátt fyrir langvarandi þurrka 2005 jókst hagvöxtur að meðaltali um 5,2% 2004-2006 en hann var að meðaltali 3% á tímabilinu 1996-2005. Í kjölfar þess að ljúka þátttöku í HIPC-átakinu hefur hlutfall skulda/útflutnings í Malaví lækkað úr 229%. Malaví tekst nú á við það verkefni að tryggja að bati í þjóðarbúskapnum leiði til bættra félagsvísa.



ICEIDA's Development Cooperation

The cooperation between ICEIDA and the Malawi Government (MGO) dates back to 1989 and has been focused on the health-, fisheries-, and education sectors. Almost all of ICEIDA's activities are in the district of Mangochi, mostly in the Monkey Bay area in which several projects are being carried out in different sectors. In 2007, as in previous years, Malawi was ICEIDA's biggest receiver of development aid with around 27% of the budget.

In March, Skafti Jónsson replaced Margrét Einarasdóttir as the Country Director in Malawi. There was a change of project managers in all ICEIDA's projects in 2007. A new project manager took over social projects in May and the project manager and technical advisor for the health project left in November. A new project manager for the fisheries project arrived in September and the one for water and sanitation left in December. An intern was employed for six months of the year, between June and December. In Malawi sixteen full time locally recruited staff members worked for ICEIDA in 2007.

The yearly delegation from ICEIDA arrived in March, chaired by Ambassador Sighvatur Björgvinsson, the Director General of ICEIDA. Two medical students and one student in development studies did their research project in Monkey Bay, supported by ICEIDA.

Support to the Health Sector

ICEIDA has been involved in several health projects in Malawi during the last 10 years. The largest of these is the Monkey Bay Community Hospital (MBCH), in which several major goals were reached in 2007. A new laboratory and a building for antiviral therapy and counselling were opened and now basic laboratory facilities are good. The environment for the treatment and counselling of HIV positive individuals has been improved. A surgical theatre and an x-ray unit will open in 2008 with all relevant equipment in place. By then the MBCH will be almost a fully functioning Community Hospital by Malawian standards. A dental department has started but as yet still lacks material and equipment. The renovation of eleven staff houses in Monkey Bay was completed.

In Nankumba (Mangochi Region), the renovation of the health centre was completed and handed over to Malawian authorities in March. An extension for the VCT (Voluntary Counselling and Testing for HIV) was completed. Renovation of two houses and the building of three new houses was commenced and is scheduled to be completed in the first part of 2008.

As in recent year, ICEIDA supported various educational and training courses for the staff in the health care zone. A revision of this part of the project was done and the budget reduced. Support for CBDAs (Community-Based Distribution Agents) and TBAs (Traditional Birth Attendants) was maintained. Three scholarships for further education in nursing were granted with the trainees obliged to return to the area. ICEIDA maintained its running of ambulance services in the area and motorcycles for the outreach clinics.

Próunarsamvinna ÞSSÍ

Samvinna ÞSSÍ og ríkisstjórnar Malaví hófst 1989 og hefur beinst að heilbrigðis-, sjávarútvegs- og menntunargeirunum. Starfsemi ÞSSÍ fer nánast eingöngu fram í Mangochi-héraði, einkum á Monkey Bay-svæðinu þar sem unnið er að nokkrum verkefnum í hinum ýmsu geirum. Malaví var á árinu 2007, líkt og fyrri ár, það land sem ÞSSÍ veitti mesta þróunaraðstoð og fékk um 27% af heildarfjárstuðningi.

Skafti Jónsson tók í mars við starfi Margrétar Einarasdóttur sem umdæmisstjóri í Malaví. Nýir verkefnisstjórar voru ráðnir að öllum verkefnum ÞSSÍ 2007. Nýr verkefnisstjóri tók við félagslegum verkefnum í maí og verkefnisstjóri og tækniráðgjafi í verkefni á sviði heilbrigðismála hættu störfum í nóvember. Nýr verkefnisstjóri fyrir fiskveiðiverkefnið kom í september og verkefnisstjóri vatns- og hreinlætismála hætti störfum í desember. Starfsnemi var ráðinn til sex mánaða, frá júní til desember. Á árinu 2007 störfuðu 16 staðarráðnir starfsmenn í fullu starfi fyrir ÞSSÍ í Malaví.

Árleg sendinefnd ÞSSÍ kom í mars en fyrir henni fór Sighvatur Björgvinsson sendiherra og framkvæmdastjóri ÞSSÍ. Tveir læknanemar og einn nemi í þróunarfræðum unnu að rannsóknarverkefnum í Monkey Bay með stuðningi ÞSSÍ.

Stuðningur við heilbrigðismál

ÞSSÍ hefur tekið þátt í nokkrum verkefnum á sviði heilbrigðismála í Malaví á síðastliðnum 10 árum. Stærst þessara verkefna tengist heilsugæslusjúkrahúsinu í Monkey Bay (MBCH) og náðust nokkur mikilvæg markmið á árinu 2007. Ný rannsóknarstofa og bygging, þar sem sinnt verður lyfjameðferð með veirusýkingarlyfjum og ráðgjöf, voru teknar í gagnið og nú má telja að grunnaðstaða til rannsókna sé fullnægjandi. Bætt hefur verið úr aðstöðu til meðferðar og ráðgjafar fyrir HIV-smitaða einstaklinga. Skurðstofa og röntgendeild verða opnaðar 2008 með öllum tilheyrandi búnaði. Þá verður heilsugæslusjúkrahúsið í Monkey Bay nánast fullburða heilsugæslusjúkrahús á mælikvarða Malaví. Tannlækningadeild hefur verið opnuð en skortir enn efni og búnað. Lokið var við endurnýjun húsa í Monkey Bay fyrir ellefu starfsmenn sjúkrahússins.

Í Nankumba (á Mangochi-svæðinu) var lokið við endurnýjun heilsugæslustöðvar og hún afhent stjórnvöldum Malaví í mars. Einnig var fullgerð viðbygging fyrir forvarnarmóttöku vegna alnæmis (e. Voluntary Counselling and Testing, VCT). Hafin var endurnýjun tveggja húsa og bygging þriggja nýrra húsa og er áætlað að því verki ljúki á fyrra hluta 2008.

Líkt og á síðustu árum veitti ÞSSÍ stuðning til ýmissa fræðslu- og þjálfunarnámskeiða fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Þessi þáttur verkefnisins var endurskoðaður og dregið úr fjárframlagi. Stuðningi var haldið áfram við liðveislufólk í samfélaginu (Community Based Distribution Agents, CBDA) og hefðbundnar yfirsetukonur (TBA). Veittir voru þrír styrkir til framhaldsnáms í hjúkrun með því skilyrði að nemarnir myndu snúa aftur til svæðisins. ÞSSÍ hélt áfram að reka sjúkrafreiðaþjónustu á svæðinu og vélhjól fyrir heilsugæslustöðvar sem veita þjónustu á afskekktum stöðum.

During 2007, an external evaluation of the project took place. It was positive towards the project but pointed out some weak spots, an example of which is the financial support from the authorities. Chronic lack of medicine and staff shortage are also major problems.



The attendance at the various departments at MBCH is on the rise and the annual bed occupancy has increased from 58% in 2006 to 68% in 2007. Similarly, the deliveries by trained health personnel have increased by 17% between 2006 and 2007 respectively. The Monkey Bay Community Hospital serves an area of 110,000 inhabitants.

ICEIDA has also supported the construction and upgrading of the Bwaila Hospital in Lilongwe, through collaboration with a charity organisation, Friends of Kamuzu Central Hospital in Lilongwe. In 2007, the rebuilding of the mortuary at the hospital was supported.

Support to the Social Sector

Literacy rates are very low in Malawi, with only 64.1% of the population literate; 54% of the women and 74.9% of the men. In an attempt at improvement, ICEIDA has been supporting the Adult Literacy Project (ALP) in T/A Nankumba, Mangochi District. The objective of the project is to establish literacy circles in rural villages. The project is based on the principles of the REFLECT approach, which encourages participants to engage actively in key issues regarding their surroundings, while at the same time learning how to read and write. The project's catchment area expanded in 2007 due to the establishment of twenty new circles. There are now 64 circles operating, serving more than 70 villages in the Nankumba Area. The average number of participants is over 1000, the majority being women.

In 2007, ICEIDA sponsored various training courses for the project's staff members as well as the community volunteers. These were mainly capacity building courses focused on project management and the successful implementation of the project.

ICEIDA sponsored a writers' workshop, where 24 post-literacy booklets were produced for the library boxes. This year 15 students were supported to go to Magomero Training College to

obtain training in community development. At the same time, the government sent additional community development assistants to the project area for the successful implementation of the project. ICEIDA started sponsoring staff members identified by the Ministry of Women and Child Development for further education at universities in Malawi. The project introduced livelihood activities to boost socio-economic welfare of adult literacy participants. Guidelines were distributed in literacy circles and the project is already receiving proposals of livelihood activities.

At the end of the year, ICEIDA supported a literacy symposium hosted by the Ministry of Women and Child Development. The symposium objective was to draw attention to the importance of adult literacy and to get more donors into the field. Two cars were handed over to the Malawi Government, one to be located with the Ministry in Lilongwe and one to go to the Community Development Office in Mangochi, which also received motorcycles, office computers, a photocopier, fax machine, as well as office furniture.

At the end of the year, land issues were solved regarding the building of a Community Resource Centre in Monkey Bay. Construction will start in 2008. In 2006, construction started at Nankwali Community Day Secondary School but it was not completed until early 2007. The school is now a full secondary school, teaching forms 1-4. Two school blocks were built: an administration block and a library and a science lab. Three staff houses were also constructed. Pit latrines and a borehole were put in place and furniture provided. The school was built with stabilised soil blocks, which is a method that is more environmentally friendly and will be used in future projects. The school has already been chosen as an exam centre for the area, based on its good structure and safety. The school has been formally handed over to the government by the country director.

Two primary schools were built in 2007, Malombera and Chilumba. Both schools have three school blocks: administration, library and latrines. Malombera has also three staff houses but Chilumba had one old school block renovated. Furniture will be bought in 2008 and a formal handover will then take place.

ICEIDA financed renovations of two primary schools and a teachers' development centre. Mpinganjira and Chipalamawamba primary schools were both roofed, school blocks were renovated and painted and the classrooms equipped with furniture. The teachers' centre was extended with a bigger conference room and extra offices added and furnished. Cape Maclear Primary School, which was renovated in 2006, was extended in 2007 and three school blocks added to the school which will be furnished in 2008. In total, approximately 20,000 children have benefitted from ICEIDA's support to primary schools.

ICEIDA continued its support to the District Education Office in Mangochi. This year they received funding for training in community capacity building in the surrounding area of Malombera. Added to this, they were supported to carry out community mobilisation for enrolment and attendance of children in primary schools. The District Education Office also received furniture, computers, printers, a photocopier, fax machine, and other equipment for the improvement of their working environment. In addition, all staff members underwent extensive computer training.

Óháðir aðilar gerðu úttekt á verkefninu 2007. Fram komu jákvæðir þættir en einnig bent á veikleika, s.s. fjárstuðning yfirvalda. Viðvarandi lyfjaskortur og skortur á starfsfólki er einnig verulegt vandamál.

Aðsókn að hinum ýmsu deildum heilsugæslusjúkrahússins í Monkey Bay hefur aukist og nýting sjúkrarúma aukist úr 58% 2006 í 68% 2007. Eins hefur fæðingum með aðstoð þjálfaðra heilbrigðisstarfsmanna fjölgað um 17% frá 2006. Sjúkrahúsið við Monkey Bay þjónar svæði með 110.000 íbúum.

Þá hefur PSSÍ veitt stuðning til byggingar og endurbóta á Bwaila-sjúkrahúsinu í Lilongwe í samstarfi við góðgerðarsamtökin Friends of Kamuzu Central Hospital í Lilongwe. Veittur var á árinu stuðningur til endurbyggingar líkhúss sjúkrahússins.

Stuðningur við félagsmál

Hlutfall læsra meðal þjóðarinnar er mjög lágt í Malaví eða aðeins 64,1%, 54% meðal kvenna og 74,9% meðal karla. Til að bæta úr þessu hefur PSSÍ stutt fullorðinsfræðsluverkefni (Adult Literacy Project, ALP) á vegum Traditional Authority Nankuma í Mangochi-héraði. Markmiðið með verkefninu er að koma á fót leshringum í þorpum á landsbyggðinni. Verkefnið byggist á meginreglum REFLECT-nálgunarinnar þar sem þátttakendur eru hvattir til að taka virkan þátt í lykilverkefnum í umhverfi sínu og læra á sama tíma að lesa og skrifa. Áhrifasvæði verkefnisins var stækkað 2007 þegar 20 nýjum leshringum var komið á fót. Þar með eru 64 leshringir virkir í yfir 70 þorpum á Nankumba-svæðinu. Að meðaltali taka yfir eitt þúsund manns þátt í þeim, meirihlutinn konur.

PSSÍ studdi á árinu ýmis námskeið fyrir starfsfólk verkefnisins sem og sjálfboðaliða í samfélaginu. Hér er einkum um að ræða námskeið til að auka færni þar sem lögð er áhersla á verkefnisstjórnun og árangursríka framkvæmd verkefnisins.

Þá studdi PSSÍ námskeið í skrifum og voru 24 bæklingar gerðir fyrir bókakassana. Á þessu ári fengu 15 nemendur stuðning til að stunda nám við Magomero Training College í samfélagsþróun. Á sama tíma sendu stjórnvöld fleiri aðstoðarmenn í samfélagsþróun til svæðisins til að vinna að árangursríkri framkvæmd verkefnisins. PSSÍ gerðist bakhjarl starfsfólks sem kvennamálaráðuneytið (Ministry of Women and Child Development) valdi til frekara náms við háskóla í Malaví. Verkefnið kynnti tekjuöflunarleiðir til að styðja við velferð þátttakenda í lesnámi fyrir fullorðna í félagslegu og efnahagslegu tilliti. Leiðbeiningum var dreift meðal þátttakenda í leshringum og verkefninu hafa þegar borist tillögur um tekjuöflunarleiðir.

Í árslok studdi PSSÍ málþing um læsi sem var haldið á vegum kvennamálaráðuneytisins. Markmið verkefnisins var að beina athygli að mikilvægi læsis meðal fullorðinna og fá fleiri framlagslönd til þátttöku á því sviði. Stjórnvöldum í Malaví voru afhentar tvær bifreiðar, önnur ráðuneytinu í Lilongwe og hin búsetuþróunarskrifstofunni í Mangochi sem fékk einnig vélhjól, tölvur á skrifstofuna, ljósritunarvél, faxtæki og skrifstofuhúsgögn.

Í lok ársins tókst að fá land undir byggingu samfélagsmiðstöðvar (Community Resource Centre) í Monkey Bay. Framkvæmdir munu hefjast 2008. Árið 2006 hófst bygging framhaldsskóla í Nankwali (Nankwali Community Day Secondary School) en byggingu hans lauk ekki fyrir en snemma árs 2007. Skólinn er nú fullburða fjögurra bekkja framhaldsskóli. Tvær skólabyggingar voru byggðar, önnur fyrir stjórnarsýslu og hin fyrir bókasafn og tilraunastofu. Enn fremur voru byggð þrjú hús fyrir starfsfólk. Komuð var upp salernisaðstöðu og borholu og húsgögn útveguð. Skólinn var byggður úr styrktum jarðvegseiningum en sú aðferð er umhverfsvænni og verður notuð í öðrum byggingarverkefnum í framtíðinni. Skólinn hefur þegar verið valinn sem prófamiðstöð fyrir svæðið en þar réði góð bygging og öryggi úrslitum. Umdæmisstjórinn hefur afhent stjórnvöldum skólann formlega.

Tveir grunnskólar voru byggðir 2007 í Malombera og Chilumba. Í báðum tilvikum voru reistar þrjár byggingar, fyrir stjórnarsýslu, bókasafn og hreinlætisaðstöðu. Í Malombera eru einnig þrjú hús fyrir starfsfólk en í Chilumba var ein gömul skólabygging endurnýjuð. Húsgögn verða keypt 2008 og þá verður húsnæðið afhent formlega.

PSSÍ fjármagnaði endurnýjun á tveimur grunnskólum og þróunarmiðstöð kennara. Sett var þak á grunnskólana í Mpanganjira og Chipalamawamba, skólabyggingar endurnýjaðar og málaðar og kennslustofur búnar húsgögnum. Byggt var við miðstöð kennara þannig að ráðstefnuherbergi var stækkað og skrifstofum bætt við og búnar húsgögnum. Grunnskóli Cape Maclear, sem var endurnýjaður 2006, var stækkaður árið 2007 og þrjár skólabyggingar reistar við skólann og gengið verður frá húsbúnaði í þær 2008. Í heildina hefur stuðningur PSSÍ við grunnskóla í héraðinu gagnast um 20.000 börnum.



PSSÍ hélt áfram stuðningi sínum við menntamála- og skrifstofu Mangochi-héraðs. Á árinu var skrifstofunni veittur stuðningur til þjálfunar í að bæta færni og kunnáttu á svæðinu í kringum Malombera. Að auki var veittur stuðningur vegna samfélagsátaks um að skrá börn til grunnskóla og láta þau mæta til kennslu. Menntamála- og skrifstofa héraðsins fékk einnig húsgögn, tölvur, prentara, ljósritunarvél, faxtæki og annan búnað til að bæta vinnuumhverfi þeirra. Að auki hlutu allir starfsmenn umfangsmikla tölvuþjálfun.



In the Millennium Development Goals it is emphasised that gender equality and the empowerment of women should be promoted. Based on this, ICEIDA decided to support The Society for the Advancement of Women. The project supported is called the Prevention of Domestic Violence Project. The objective is to translate the Prevention of Domestic Violence Act into two local languages and to increase awareness and sensitivity of communities to domestic violence. The Society also runs a women's shelter and offers the victims security, safety and counselling.

Support to Higher Education

ICEIDA is implementing a Regional Aquaculture Project at Bunda College, Department of Aquaculture and Fisheries Sciences, 2005-2009. During the project period, 12 MSc students (6 from Malawi, 3 from Uganda, 2 from Zambia and 1 from Namibia) have had been recruited. Four students have already completed and the others are either finalising their research projects or finalising course work. Through an initial support of sensitising female students to join Bunda College, the Department has improved its female intake from 16% in 2006 to 42% in 2007 at undergraduate level. An important component of the project involved teaching support.

Support to the Fisheries Sector

The Small-Scale Offshore Fishery Technology Development Project, SOFTDP, a community-based project, was initiated in 2005 in collaboration with the Directorate of Fisheries. The overall goal is to aid the development of an offshore fishery to allow small-scale fishers to expand their operations to under-exploited resources in the deep offshore water demersal and pelagic zones of Lake Malawi. The aim is to improve food security and the income of rural fishing communities. This is done by developing an appropriate offshore fishing technology and create awareness on navigational safety for the small-scale fishery on Lake Malawi.

The SOFTDP team has grown with more activities in 2007. At the end of the year, a project coordinator as well as an accountant joined the present two full-time employees. This will improve transparency and accountability at the same time increasing the Malawian ownership of the project. The project is based in the Nankumba Peninsula and has three main components: gear and craft technology, fishery research and capacity building. They include the development of gear and craft technology and potential gear types, as well as the design of different types of boats. Fish behaviour studies and fishery dependent monitoring surveys have also been carried out. Furthermore, fisheries extension staff (123 or 100%) was trained in safety at the lake with two groups graduated, 5% of which were women. Training in business management was also conducted in the project area and a total of seven frontline staff and 950 community members have benefited, about half of them women. The main activities included a visit to Lake Tanganyika to study offshore gears, community mobilisation, a workshop on needs assessment for alternative vessel design, consultation on wood (cedar, plywood) availability and study tours to northern lake regions to explore both gear and craft technologies.

Í Þúsaldarmarkmiðum S.þ. er lögð áhersla á jafnrétti kynjanna og sjálfsefningu kvenna. ÞSSÍ ákvað á grundvelli þessa að veita félagi um framgang kvenna, The Society for the Advancement of Women, stuðning sinn. Verkefnið varðar forvarnir gegn heimilisofbeldi og nefnist Prevention of Domestic Violence Project. Markmiðið er að þýða lög um forvarnir gegn heimilisofbeldi á tvö staðbundin tungumál og auka vitund og næmi í samfélaginu gagnvart heimilisofbeldi. Félagið rekur einnig athvarf fyrir konur og býður fórnarlömbunum öryggi, vernd og ráðgjöf.

Stuðningur við æðri menntun

ÞSSÍ annast framkvæmd svæðaáætlunar um fiskeldi við fiskeldis- og sjávarútvegsdeild Landbúnaðarháskólans í Bunda. Á starfstímabili verkefnisins hafa verið ráðnir 12 nemar í framhaldsnámi á háskólastigi (Msc), þ.e. sex frá Malaví, þrjú frá Úganda, tveir frá Sambíu og einn frá Namibíu. Fjórir nemar hafa þegar lokið námi og hinir eru annað hvort að ljúka við rannsóknarverkefni sín eða námskeiðum. Með stuðningi til að hvetja stúlkur til að sækja í Bunda-háskóla hefur deildinni tekist að auka hluta kvenna úr 16% árið 2006 í 42% árið 2007 í grunnnámi á háskólastigi. Námsaðstoð er mikilvægur þáttur verkefnisins.

Stuðningur við fiskimál

Verkefni um tækniþróun í tengslum við fiskveiðar í smáum stíl langt frá ströndum (Small-Scale Offshore Fishery Technology Development Project, SOFTDP) er samfélagsverkefni sem hófst 2005 í samvinnu við deild sjávarútvegs mála. Meginmarkmiðið er að aðstoða við þróun úthafsveiða til að gera smáútgerðum kleift að auka við starfsemi sína og veiða úr vannyttum uppsjávar- og botnfisksstofnum á Malaví-vatni. Stefnt er að því að auka matvælaöryggi og tekjur fiskveiðisamfélaga í dreifbýli. Þetta er gert með því að þróa viðeigandi úthafsveiðitækni og auka vitund um siglingaöryggi smáútgerða á vatninu.

Árið 2007 fjölgaði þeim sem koma að SOFTDP-verkefninu. Í árslok voru ráðnir verkefnisfulltrúi og bókarar til viðbótar þeim tveimur starfsmönnum sem eru þar fyrir í fullu starfi. Þetta mun auka gagnsæi og ábyrgð jafnframt því að færa eignarhald verkefnisins enn frekar til Malaví. Verkefnið fer fram á Nankumba-skaganum og byggir á þremur þáttum, þ.e. tækni tengd veiðarfærum og bátakosti, fiskveiðirannsóknnum og uppbyggingu á þekkingu og færni. Þessir þættir taka til þróunar tækni sem er tengd veiðarfærum og bátakosti og hugsanlegra tegunda veiðarfæra, svo og hönnunar ólíkra tegunda báta. Einnig hafa verið framkvæmdar rannsóknir á hegðun fiskistofna og kannanir gerðar á fiskveiðieftirliti. Enn fremur fengu tengiliðir sjávarútvegsins (fisheries extension staff) (123 eða 100%) þjálfun í öryggi á vatninu og útskrifuðust tveir hópur, þ.a. voru 5% konur. Þjálfun í stjórnun fyrirtækja fór einnig fram á svæði verkefnisins og alls nutu sjö starfsmenn í framvarðalínu og 950 íbúar samfélagsins hags af því, um helmingur þeirra konur. Hluti af starfseminni fólst í heimsókn að Tanganyika-vatni til að fræðast um veiðarfæri til úthafsveiða, vitundarvakningu í samfélaginu, námskeið um þarfagreiningu í tengslum við aðra hönnun báta, ráðgjöf um framboð timburs (sedrusviður, krossviður) og námsferðir til svæðanna við norðurhluta vatnsins til að kanna tækni, bæði við veiðarfæri og báta.

Support to Water and Sanitation

Due to poor socio-economic indicators, Malawi Growth and Development Strategy maps improved access to water supply and sanitation out as one of its key strategies to achieve economic growth.

The Integrated Household Survey 2004-2005 showed that only 66% of Malawian households have access to safe water with less access in rural than in urban areas. Due to this problem and poor sanitation, there have been regular outbreaks of cholera with up to 33,000 cases and 100 deaths reported in one year. Cholera is normally associated with the rainy period but in the project area cases have been reported even during the dry season signalling the seriousness of the situation. The provision of equitable access to potable water supplies and good sanitation facilities is pivotal to poverty reduction as this has a direct impact on health status of the population and therefore their productivity.

In October 2005 ICEIDA received a formal request from the Government of Malawi (GOM) for assistance in improving the status of water and sanitation in TA Nankumba with the objective to reduce water and sanitation related diseases. In December that year, a consultant was recruited to formulate the project and write a draft project document, which was finalised by ICEIDA's staff members and officers from Malawi at the end of 2006. The agreement between ICEIDA and GOM was signed in March 2007 and the project was launched soon after that. The target area for the project is the Monkey Bay health zone, located on Nankumba Peninsula, comprising 98 villages with 21,300 households and a population of about 109,000.

The focus of the project is to improve hygiene among the target group, increase the sanitation facilities and provide access to potable water supplies. This will be done by establishing water supply and sanitation systems using demand-driven approaches and participatory hygiene and sanitation transformation.

In the first months of the project, some basic infrastructure issues were the main tasks, i.e. setting up an office, recruitment and training of staff and Government counterparts, sensitisation and mobilisation of communities. Construction of water points, boreholes and shallow wells was completed at the end of the dry season, as well as facilitation of latrine building which is done on self help basis but with technical and financial assistance from the project. It is envisaged that at the end of the project period there will be great improvement in sanitation and access to safe drinking water within a maximum radius of 500m from the inhabitants' homes in over 20,000 households (90%) in the project area.

Stuðningur við vatns- og hreinlætismál

Þar sem félagshagvísar sýna veika stöðu er í áætlun Malaví um vöxt og þróun (Malawi Growth and Development Strategy) bætt aðgengi að vatns- og hreinlætisaðstöðu sett fram sem ein meginleiða til að auka hagvöxt.

Í heimiliskönnuninni 2004-2005 kom í ljós að 66% heimila í Malaví hafði aðgang að hreinu vatni en aðgangur í dreifbýli var lakari en á þéttbýlissvæðum. Vegna þessa vandamáls og bágs hreinlætis hafa kólerufaraldrar brotist út reglulega og hafa allt að 33.000 manns smitast og 100 manns látist á ári hverju. Venjulega er kólera tengd regntímanum en á verkefnissvæðinu hefur hún einnig komið upp á þurrkatímanum sem sýnir að ástandið er grafalvarlegt. Jafnt aðgengi allra að drykkjarhæfu vatni og góðri hreinlætisaðstöðu er afar þýðingarmikið til að draga úr fátækt þar sem þetta hefur bein áhrif á heilbrigði þjóðarinnar og framleiðni.

Í október 2005 barst PSSÍ formleg beiðni frá ríkisstjórn Malaví um stuðning við endurbætur í vatns- og hreinlætismálum í TA Nankumba í því skyni að draga úr vatnstengdum sjúkdómum. Í desember sama ár var fenginn ráðgjafi til að móta verkefnið og skrifa drög að verkefnisskjali sem starfsmenn PSSÍ og embættismenn Malaví lögðu lokahönd á í árslok 2006. Í mars 2007 var undirritaður samningur milli PSSÍ og ríkisstjórnar Malaví og verkefnið hófst stuttu síðar. Verkefnið nær til heilbrigðissvæðis Monkey Bay, á Nankumba-skaganum, en þar eru 98 þorp með 21.300 heimilum og íbúafjöldi um 109.000 manns.

Megináhersla er lögð á það í verkefninu að bæta hreinlæti meðal markhópsins, bæta úr hreinlætisaðstöðu og bæta aðgengi að neysluhæfu vatni. Þetta verður gert með því að koma á vatns- og hreinlætiskerfum sem verða sett upp ef óskað er eftir því og gegn því að umbylting vatns- og hreinlætismála verði með þátttöku grasrótarinnar.

Á fyrstu mánuðum verkefnisins var meginviðfangsefnið að koma innviðum í lag, þ.e. setja upp skrifstofu, ráða og þjálfa starfsfólk og embættismenn ásamt því að auka vitund almennings og hvetja fólk til framkvæmda. Byggingu vatnsstöðva (e. water points), borhola og grunnra brunna var lokið í enda þurrkatímabilsins, auk þess sem greitt var fyrir því hægt væri að reisa kamra sem fólk annast sjálft en fær tæknilega og fjárhagslega aðstoð frá verkefninu. Markmiðið er að í lok verkefnistímans hafi hreinlætisaðstaða batnað til muna og íbúar þeirra rúmlega 20.000 (90%) heimila, sem eru á verkefnissvæðinu, hafi fengið aðgang að neysluhæfu vatni innan 500 m frá heimili sínu.

NAMIBIA NAMIBÍA



Introduction

Namibia's largest political party, SWAPO, held its national congress in November, which is held every five years. The country's president, Hifekepunye Pohamba, was elected party president and concurrently, the country's first president, Sam Nujoma, retired from politics. This is seen to be a watershed in the country's political landscape and furthermore, seen to open the door to a new generation of politicians. Shortly before the national congress, a new political party, the Rally for Democracy and Progress (RDP) was formed. The main instigator was the former foreign minister of Namibia, Hidipo Hamutenya. The formation of the RDP caused some tension in the country and there are indications that the RDP will be the country's largest opposition party after the next elections, which are to be held in 2009.

one year, but the controversial issues will have to be resolved before the end of 2008.

Namibia suffered a severe drought in the latter part of the year. This caused much damage in the rural districts, in particular for farmers engaged in subsistence farming. The government declared a state of emergency, increasing the drilling for water in the worst affected areas.

ICEIDA's Development Cooperation

All ICEIDA projects in Namibia are undertaken in consultation with that country's government, in accordance with the General Agreement on Forms and Procedures for Development Cooperation between the Government of Iceland and the Government of Namibia. This agreement, due to expire at the end of 2007, was extended in August 2006 to the end of 2010. The country office



Namibia - Key Figures

Land area	825,418 km ²
Population	2.1million
Population growth rate	1.3%
GDP per capita PPP	5,182 US\$
GDP growth rate	4.0%
Life expectancy at birth	51.6 years
Adult literacy rate (age 15 and above)	85%
HIV/AIDS prevalence	19.6%
Iceida AID 2007	1,598,582 US\$

Statistical Sources: Economist Intelligence Unit; Country Report Namibia April 2008 and Human Development Report 2007/08, published by the United Nations Development Programme

Economic growth in Namibia this year is expected to be 3.8%, which is a slight reduction from the previous year, when it stood at 4.1%. The year's average rate of inflation was 6.7%, rising as the year went on. The main cause of this was the rise in the price of oil. Macroeconomic management was relatively good and the projections for 2007-8 indicate that for the second year running there will be a budget surplus of about 1% of the GDP. The government appears to be well set to achieve their aims, with the national debt being no more than one quarter of the GDP.

EU trade agreements (known as Cotonou), giving preferential treatment to states in Africa, in the Caribbean and the Pacific, expired at the end of the year. Namibia refused to sign the Economic Partnership Agreement, which the EU offered in place of the aforementioned trade agreement. It appeared that the markets for many of Namibia's export goods, such as beef and fish, would close at the turn of the year. This would adversely affect Namibia's economy. At the last minute, an agreement was reached, lasting

in Namibia has, since the agreement's extension, concerned itself with the preparation of projects which will be undertaken up to the expiration of the agreement.

A new country director took up his duties at the beginning of the year and in the middle of February; a new project manager in the area of social projects also took up his position. Other staff at the country office are Namibians. A few short-term consultants also visited, in particular in regard to projects in the fields of Sign Language and chess. An intern was placed in the country office in the latter part of the year, working on water issues with the Himba people, the intern being educated in hydro engineering.

